

# Samþykkt um embættisafgreiðslur byggingafultrúa

## 1. gr.

Byggingafultrúi vinnur og afgreiðir öll mál sem undir hann falla skv. lögum um mannvirki, nr. 160/2010. Byggingafultrúi hefur heimild skv. 9. og 11 gr. sömu laga til samþykktar byggingaráforma og útgáfu byggingarleyfis fyrir einbýlis-, rað- og parhúsum og breytingar á iðnaðarhúsnæði. Staðgengill byggingafultrúa er sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Um afgreiðslur byggingafultrúa gilda ákvæði mannvirkjalaga, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

## 2. gr.

a. Byggingafultrúi er heimilt að úthluta lóðum fyrir einbýlis-, rað- og parhúsum samkvæmt reglum um lóðarveitingar sem bæjarstjórn setur.

b. Byggingafultrúa er heimilt að veita teikninga- og byggingarfresti samkvæmt almennum byggingarskilmálum og samþykktum sem bæjarstjórn setur.

## 3. gr.

Afgreiðslur byggingafultrúa skv. 1. - 3. gr. skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum og skulu haldnar fundargerðir yfir afgreiðslur hans sem lagðar verða fram á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar til kynningar. Í fundargerðunum skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingafultrúa. Í fundargerð skipulagsnefndar skal koma fram að fundargerðin hafi verið lögð fram.

## 4. gr.

Eftir að byggingafultrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

## 5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingafultrúa, er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skal aðilum leiðbeint um kæruheimild og kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

Samþykkt í skipulagsnefnd 19.02.2015, staðfest í bæjarstjórn 25.02.2015